

Nd.

255. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson,
Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Stafliður d. í 7. gr. laganna orðist þannig:

- d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið, nema með leyfi eftirlitsmannsins og eftir þeim reglum, er hann setur um það.

2. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitufyrirtækja skuli árlega greiða til eftirlitsins gjald, sem miðast við heildartekjur fyrirtækjanna af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádragnu andvirði aðkeyptrar raforku, og má nema allt að einum hundraðasta hluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að 1% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Heimila má eiganda raforkuvers eða raforkuveitufyrirtækis að leggja helming gjaldsins á rafmagnskaupendur í hlutfalli við orkukaup þeirra.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, þá má miða gjaldið við stærð rafala í orkuveri, og má það nema allt að 2 krónum á hvert kílóvatt í málaun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirætlunum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Er lög um raforkuvirki voru í upphafi samin, 1926, voru þau að mjög miklu leyti samin eftir dönsku raforkulögunum „Stærkströmsloven“, og ákvæðin í d-lið 7. gr. um eftirlit með raforkuvirkjum voru heinlinis tekin upp eftir þeim lögum. Þar er ekki gert ráð fyrir, að hin opinbera eftirlitsstofnun hafi beint eftirlit með öðrum raforkuvirkjum en þeim, sem eru: 1. á rökum stöðum, 2. þar, sem sprengihætta er, eða þar, sem farið er með sérstaklega eldfim efni, 3. í samkomuhúsum og fleiri álíka stöðum. Eftirlitsmanni ríkisins því ekki ætlað að hafa beint eftirlit með almennum raflögnum í íbúðar- og verzlunarhúsum o. þ. h.

Það hefir nú sýnt sig, að þetta fyrirkomulag á ekki við hér á landi. Það hefir reynzt svo, að utan Reykjavíkur er eftirlit af hálfu rafveitnanna svo lélegt og frágangur á raflögnum almennt svo ófullkominn, að það hefir reynzt jafnmikil nauðsyn að skoða almennar lagnir eins og þær, sem áður eru nefndar sérstaklega. Hafa til skamms tíma ekki gilt utan Reykjavíkur neinar raflagningareglur og ekki verið neitt opinbert eftirlit með frágangi á raflögnum, né á því, hverjir tækju að sér raflagningar þar.

Síðan rafmagnseftirlit ríkisins setti ákvæðnar reglur og hóf skoðun og eftirlit hefir færzt allmikið í betra horf, en eins og getið var um áður, er það fyrirkomulag eftirlitsins, sem ákveðið var með lögum um raforkuvirki, ekki sem ákjósanlegast. Eftirlitið getur að visu skoðað hvaða raflögn sem er og fyrirskipað nauðsynlegar viðgerðir, en vegna þeirrar skiptingar í eftirlitsskyldar og óeftirlitsskyldar raflagnir, sem gerð er í lögunum, eru ekki nema sumar gjaldskyldar til eftirlitsins. Eftirlitið yrði að skoða hinar óeftirlitsskyldu lagnir endurgjaldslaust, en til þess skortir það fjárveitingu.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið fram færðar, er nauðsynlegt að breyta lögum um raforkuvirki þannig, að rafmagnseftirliti ríkisins sé ætlað að hafa beint

eftirlit með hverskonar raforkuvirkjum hér á landi, skoða þau öll eins oft eins og því þykir við þurfa og fyrirskipa þær endurbætur, er því þykir nauðsyn bera til. Jafnframt séu þau öll gerð gjaldskyld til rafmagnseftirlits ríkisins fyrir eftirlit með þeim.

Hingað til hefir, eins og áður er fram tekið, eftirlitið aðeins fengið gjald fyrir skoðun á hinum eftirlitsskyldu raflögnum og raforkuvirkjum. Á hverja raflögn er þetta gjald venjulega 8—10 krónur, og hefir eftirlitið sjálft orðið að innheimta það. Hafi nú eftirlitið ekki náð gjaldinu um leið og skoðun fór fram, hefir jafnan reynzt erfitt og jafnvel ókleift að ná því inn síðar. Á eftirlitið nú útistandandi gjöld hjá um 100 mönnum víðsvegar um landið. Mest eru þetta smáupphæðir, eins og að ofan er getið. Það svarar alls ekki kostnaði að gera út mann til að innheimta þetta, og helzt von til að ná því smátt og smátt á þann hátt, að eftirlitsmennirnir, þegar þeir koma á staðinn í annað sinn, loki fyrir strauminn, ef gjaldið er ekki greitt. Alltaf veldur þetta töfum, aukakostnaði og leiðindum.

Með þeim breytingum á lögunum, sem gerðar eru með þessu frumvarpi, gæti þessu orðið fyrir komið á þann hátt, er nú skal greint:

Öllum rafveitum, er selja raforku til almenningsþarfa, sé gert að greiða á ári hverju til eftirlitsins vissa hundraðstölu, t. d. 1%, af tekjum sínum af raforkusölu og mælaeigu. Af þessari upphæð sé þeim heimilað að taka helminginn, $\frac{1}{2}\%$, hjá rafmagnsnotendum, þannig að það sé lagt ofan á viðskiptareikninga þeirra. Skoðast hinn helmingurinn þá sem gjald rafveitnanna sjálfra fyrir skoðun á þeirra virkjum. Á þennan hátt jafnast kostnaður af eftirliti og skoðunum niður á rafstöðvar og rafmagnsnotendur (þ. e. notendur raflagna) í hlutfalli við orkusölu og orkunotkun, og þá um leið að nokkru leyti í hlutfalli við stærð virkjanna. Gjöld þeirra raforkuvirkja, sem ekki falla undir raforkuveitur til almenningsþarfa, og mundu því ekki heyra undir þessi gjaldaákvæði, yrði að ákveða sérstaklega, en þau raforkuvirki eru bæði fá og lítil og skipta því venjulega ekki miklu máli.

Eins og stendur eru samanlagðar árstekjur þeirra rafveitna til almenningsþarfa, sem skráðar eru hjá eftirlitinu, um kr. 2000000.00. Árleg gjöld þeirra til eftirlitsins myndu því verða um kr. 20000.00. Til samanburðar má geta þess, að tekjur rafmagnseftirlitsins af ámsgjöldum og skoðunargjöldum á árinu 1938 með þeim ákvæðum, sem nú gilda, eru áætlaðar kr. 16400.00. Af því nema ámsgjöld rafveitna kr. 9400.00, en skoðunargjöld kr. 7000.00. Hér er því gert ráð fyrir, að tekjur eftirlitsins hækki nokkuð, en þó ekki verulega. Rafveitunum er ekki íþyngt tilfinnanlega með þessu, allra sít ef þær nota sér þá heimild, að innheimta hálf gjaldið hjá notendum. Á rafmagnsnotendur kemur þetta dálítið öðruvísi niður heldur en gamla gjaldið, sem aðeins var krafði þegar skoðun fór fram. Það var þá í hvert skipti margfalt meira en þetta gjald verður á hverju ári nú, en hinsvegar fór skoðun ekki fram nema á nokkurra ára fresti. Tilfinnanlegt getur þetta gjald ekki talizt. Þannig mun ársnotkun rafmagns á heimilum hér í Reykjavík nema frá ca. 50 upp í ca. 400 kr. og að meðaltali vera ca. 150—200 kr. Gjaldið til eftirlitsins mundi því nema frá 0.25 upp í 2 kr. á fjölskyldu og vera að meðaltali 0.75 til 1.00 kr. á ári á hverja fjölskyldu í Reykjavík. Jafnvel mætti og búast við, að sumar rafveiturnar mundu ekki telja ástæðu til að nota sér heimildina til að leggja þennan $\frac{1}{2}\%$ á reikningana.

Rafmagnseftirlitið hefir fyrir nokkru látið koma til framkvæmda að nokkru leyti ákvæði reglugerðar nr. 61 14. júní 1933, 132.—133. gr., um innflutning, sölu og afhendingu raforkuvirkja og hluta þeirra. Hefir síðan ekki mátt flytja inn til landsins neinskonar efni til raflagningar, nema áður væri sent sýnishorn af því til eftirlitsins og það hefði viðurkennt það og leyft innflutning. Hafa rafmagnseftirlitið og rafmagnsveita Reykjavíkur í sameiningu dæmt um sýnishornin, veitt viðurkenningar og gefið út skrár um viðurkennd efni. Hefir og verið um þetta hin bezta samvinna við aðalinnflytjandann, raftækjaeinkasölu ríkisins.

Núgildandi ákvæði um þessi atriði eru þó að ýmsu leyti ófullnægjandi, einkum

að því er snertir smíði raforkuvirkja innanlands, og þykir því nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði.

Til þess að efnisviðurkenningin nái tilgangi sínum til fulls, er nauðsynlegt, að fram fari raunveruleg prófun á efninu, en til þess að það væri hægt, hefir hingað til skort bæði húsnæði og þau áhöld, sem til slíkrar prófunar þarf. Er nú orðin brýn nauðsyn á að koma upp slíkri prófunarstöð. Hlýtur það að hafa nokkurn kostnað í för með sér, og er í frumvarpi þessu farið fram á heimild fyrir ráðherra að leggja gjald á raforkuvirkin til að standa straum af þeim kostnaði.

Andvirði innfluttra raforkuvirkja að meðtöldum viðtækjum og varahlutum til þeirra mun á ári hverju nema um 800—900 þús. krónum. Tekjur af gjaldi þessu gætu því orðið 8—9 þús. krónur á ári.

Loks er í frumvarp þetta sett ákvæði um heimild að krefjast þess, að raforkuvirki skuli merkt viðurkenningarmarki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Er þetta gert eftir fyrirmynd í dönskum lögum og í samræmi við fastar venjur í flestum löndum Evrópu.